



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

Stjórnarfundur haldinn í húsnæði Þyts þann 19. Október 2022.

Fundur hófst: 20:05

Fundi slitið: 22:25

Fundinn sátu: Markús, Arnar, Daníel, Helga Veronica, Berglind og Rán

Fundargerð ritaði: Rán

Dagskrá

1. Greiða atkvæði um fundargerðir

- a. Fundargerð frá 6. September samþykkt.

2. Verkefnalisti vetrarins

- a. Smíða árabáta
- b. Smíða kajaka
- c. Gera þarf við/ viðhalda Secret26 sem er inni.
- d. Standsetja bilaða valiantinn.
- e. Smíða þarf geymsugrindur á hjólum fyrir kænur.
- f. Hillur í miðherbergi. Samþykkt í vor að setja inn hillur í það rými og það kemur helmingi betur út kostnaðalega séð að smíða þær.
- g. Laga Kjöl á RS Ventura bátinn. Pétur ætlar að gera við kjölinn á bátnum en Markús tekur hann undan.
- h. Girðing. Þeir hafa ekki náð að koma eftir að við höfðum samband svo að það þarf að ýta við því.
- i. Öryggiskerfi – hugmynd um að fá 4 batterísdrifnar myndavélar, kostnaður 60 þúsund krónur.
- j. Málningarvinna. Það þarf að mála allt inni í húsnæði Þyts, það er, kaffistofa, gangur, forstofa, salur, sturtur. Forgangsröðunin 1. Salur, 2. forstofa þar sem að það er tekjulindin okkar að leigja salinn út, 3. Búningsklefar, 4. Gangur 5. Kaffistofa.
- k. Útbúa þarf staðlaðar reglur fyrir leigu á salnum.
- l. Geymsla fyrir bikara, hugmynd um að setja upp skáp í forstofu, hafa frekar plexiplast í stað glers upp á áhættu á því að það brotni í umgangi þar um.
- m. Gardínur – Rán þarf bara að panta.
- n. Skipta yfir í LED lýsingu fyrir allt húsið. Hafnarfjarðarbær fjármagnar slíkt.
- o. Óskilamunir og skipulag á dóti niðri í sal, koma þarf skikki á það. Hugmynd að setja skáp fyrir æfingakrakkana undir stiga til að geyma sitt dót þar.
- p. Laga þarf til í portinu fyrir veturinn og taka inn optimistana.

3. Húsbílar á lóð Þyts

- a. Tveir sem ásælast að vera með húsbíla á lóð Þyts. Báðir þessir aðilar geta lagt fram umtalsvert vinnuframlag til Þyts.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

- b. Útbúa þarf samning með fyrirvörum við þá aðila sem við viljum leyfa að vera með bíl á lóðinni. Rán og Helga Veronica taka að sér samningsgerð.
- 4. Rukkun fjölskyldugjaldsins, syrkir, rafmagn og aðstöðugjöld**
 - a. Fjölskyldugjöld rukkud í gegnum valgreiðslu í bankanum af gjaldkera
 - b. Æfingagjöld það þarf að græja það í gegnum Sportabler. Helga Veronica ætlar að gera það.
 - c. Rafmagn. Það er kominn listi yfir rafmagnsnotkun hjá þeim aðilum sem eru með báta í höfninni og sá listi er kominn til gjaldkera.
 - d. Aðstöðugjöld. Jón Kristinn er með þetta mál en það þarf að gera samninga við þá aðila sem eru að geyma kayaka.
 - e. Styrkir fyrir Norðurlandamótinu. SÍL rúkkar Þyt ferðakostnað 400.000,- og við sækjum um ferðastyrk frá ÍBH fyrir helming. Helga Veronica er í málinu.
- 5. Mál leigutaka á aðstöðu í húsnæði Þyts.**
 - a. Leigutaki búinn að taka dótið sitt að hluta úr húsnæði Þyts þannig að það er enn í vinnslu.
- 6. Staða starfs ungmenna hjá Þyt og veturinn frammundan.**
 - a. Koma Pétri Þjálfara sem mest inn í ungmennastarfið. Við erum að detta inn í vetrardagskrá og hópunum verður skipt upp eftir aldri í vetrardagskránni og þau skipuleggja hana sjálf. Eldri hópurinn verður með æfingar á þriðjudögum og yngri hópurn á föstudögum.
 - b. Starfið með börn með sérþarfir gengur vel. 1 drengur mætir á mánudögum og það gengur mjög vel. 5 sem mæta á þriðjudögum og það er töluvert bil á milli þessara einstaklinga en hópnum er skipt upp á milli Markúsar og starfsmannsins sem kemur með þeim. Á miðvikudögum koma 3 drengir og þeir eru að sigla. 2 drengir úr Hraunvallaskóla koma á fimmtudögum.
 - c. Rebekka sem er íþróttakennari hjá Setbergsskóla er til í að taka að sér 6-8 ára og 8-10 ára starfið. Þau Markús eru að hanna slíka dagskrá í tengslum við starfið hjá drengjunum sem mæta á þriðjudögum.
 - d. Gera þarf viðauka við samninginn okkar við Hafnarfjarðarbæ sem nær utan um 6. Bekkja heimsóknir og aukið starf við ungmenni með sérþarfir.
- 7. Fundur um Hamarshöfnina með hafnarstjóra, formanni hafnarstjórnar, verkfræðingi og arkitekt**
 - a. Markús og Óli sem eru í aðstöðunefnd fóru á fund við Hafnarfjarðarbæ og arkitekt frá stofunni sem hannar höfnina. Haldinn verður annar fundur á næsta föstudag þar sem einnig bætist við manneskja frá vegagerðinni.



Fundargerð

Stjórnarfundur Þyts

8. Önnur mál

- a. Kynningarefni; pælingar um að hafa það tilbúið fyrir aðalfund til að hægt sé að kynna það á honum og koma í prentun strax eftir. Dagskráin sem var keyrð í sumar gekk vel að því undanskildu að ekki tókst að setja á fót stöðugan kjölbáta siglingahóp.
- b. Við þurfum að athuga styrki sem hægt er að sækja um fyrir starfið, sjóður fyrir búnað handa börnum með sérþafir til dæmis.